

Leiðari forstjóra

Ný ríkisstjórn

Þá eru kosningar að baki og búið að mynda ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Fyrir alþingiskosningar var talað um að barátta flokkanna væri litlaus og lítið um ágreiningsefni. Það var tvennt sem mér fannst áberandi fyrir kosningar sem snýr að landbúnaðinum og það var annars vegar sáralítill umræða um matvæla-verð og hins vegar lítil en jákvæð umræða um landbúnaðarmál almennt. Þegar landbúnaðarmál komu til umræðu fyrir kosningar virtust flestir stjórnálmenn nokkuð ánægðir með ástand mála og ekki mikið rætt um stórkostlegar breytingar á þeim vettvangi.

Í stjórnarsáttmálanum er fjallað um landbúnaðarmál almennt á eftirfarandi hátt: „*Ríkisstjórn leggur áherslu á mikilvægi öflugss landbúnaðar og hágæðaframleiðslu á matvælum í landinu. Unnið verði að endurskoðun landbúnaðarkerfisins með það fyrir augum að tryggja frelsi, bæta stöðu bænda og lækka verð til neytenda*“.

Fyrri hluti textans hér að ofan bendir til þess að ríkisstjórnin muni styðja vel við bakið á landbúnaði til að framleiða hollar og góðar afurðir eins og landsmenn þekkjа og kunna vel að meta. Þarna koma inn þættir á borð við öryggissjónarmið og hreinlega að landbúnaðurinn sé í stakk búinn á hverjum tíma til að brauðfæða íslensku þjóðina. Síðari hluti yfirlýsingarinnar er eðlilegur í takt við þær breytingar sem hafa átt sér stað undanfarið. Markmið okkar með stofnun Mjólkursamsöluunar í upphafi þessa árs var einmitt að draga úr kostnaði við söfnun, úrvinnslu og markaðsfærslu mjólkurafurða til hagsbóta fyrir bændur og neytendur. Mjólkuriðnaðurinn er undanþeginn samkeppnislögum en á móti kemur að stór hluti afurða okkar lýtur opinberri verðlagningu. Það er eðlilegt að þetta fyrirkomulag sé skoðað og fært til nútímalegra horfs ef ástæða þykir.

Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands geta orðið til þess að tollar á landbúnaðarafurðir breytist verulega á næstu árum, ekki einungis hér heldur um gjörvallan heim. Við þurfum því að nota tímann vel og undirbúa okkur undir mun meiri samkeppni sem líklega mun aðallega koma erlendis frá.

Mjólkurbílar á gular skráningarplötur

Þann 10. maí síðastliðinn staðfesti Árni M. Mathiesen reglugerð sem gerir mjólkurbílum kleift að fá undanþágu frá greiðslu olúgjalds en þó þarf að greiða sérstakt kílómetragjald í staðinn. Undanþágan er veitt mjólkurflutningabifreið sem skráð er með tank sem yfirbyggingu og án nokkurs tengibúnaðar og er sérstaklega útbúin og eingöngu notuð til að safna mjólk frá búum.

Reglugerð þessi er okkur mikið hagsmunamál og gerir okkur kleift að lækka kostnað við mjólkurflutninga. Þó er sá galli á í dag að ekki má vera með tengivagna en við erum vongóð um að lagabreyting verði gerð fljótlega sem gerir okkur kleift að nota tengivagna enda eru þeir okkur nauðsynlegir til að ná hagkvæmni og auk þess mikilvægt stjórnþæki fyrir okkur til að halda okkur innan þungatakmargana.

Það sem mun breytast þegar mjólkurbílar fara á gular skráningarplötur er að okkur verður óheimilt að nota þá til flutninga þ.e. að senda heim á bæi mjólkurvörur og smápakka. Þarna þurfa hins vegar minni hagsmunir að vikja fyrir meiri. Breytingar af þessu tagi verða ekki gerðar nema með góðum fyrirvara.

Með bestu kveðju



Sól kaupir Emmessís

Nýlega var gengið frá samkomulagi milli Sólar ehf og Auðhumlu svf um að Sól keypti Emmessís. Samkomulagið er gert með fyrirvara um áreiðanleikakönnun sem hefst strax í næstu viku og er stefnt að því að nýir eigendur taki við rekstri Emmessíss svo fljótt sem auðið er.

Sól ehf framleiðir ávaxtasafa í dag og hafa stjórnendur félagsins mikla trú á að Emmessís eigi mikla sóknarmöguleika og góða samleið með þeirri gæðavörðu sem Sól framleiðir í dag. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri félagsins til að byrja með en stefnt er að samningu Emmessíss og Sólar í lok þessa árs.



Útgefandi MS



Ábyrgðarmaður:

Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:

Páll Svavarsson, palls@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

Gott að muna:

Nú þarf að fylgjast vel með kælingu mjólkurinnar.

Loftræsting verður að vera í góðu lagi.

Fylgist reglulega með því, hvað tankurinn er lengi að kæla mjólkina niður í rétt hitastig.

Munið að færa mjólkurslönguna úr tanknum, áður en kveit er á þvotti.

Fríar fitusýrur í mjólk

Fríar fitusýrur er einn af þeim gæðabáttum sem Rannsóknarstofa mjólkuriðnaðarins mælir í mjólk. Mikið af fríum fitusýrum í mjólk er þekkt orsök fyrir bragðgöllum. Mjaltatækni, langar mjólkurlagnir, harkaleg meðhöndlun á mjólk, kælitækni, tíðar mjaltir og stórir mjólkurtankar eru áhrifavaldar sem hafa tilhneigingu til að valda hækkun frírra fitusýra í mjólk. Magn frírra fitusýra er gjarnan hærra á sumrum en vetrum. Þröskuldgildi fyrir bragðgalla í íslenski mjólk hefur ekki enn verið ákvarðað, en í Noregi eru mörk fyrir 1. flokks mjólk við 1,3. Meðaltalsgildi mælinga á starfssvæði MS er yfir árið á bilinu 0,7 – 0,8.

Áframhaldandi góð sala í mjólkurvörum í maí

Sala á viðbiti jókst í maí um 4% eða 5,3 tonn. Sala á ost-um jókst um 40,1 tonn eða 9%. Sala á ostatertum jókst um 24% eða um 1,8 tonn í maí. Heildarsala í maí af ostum og viðbiti jókst um 53,3 tonn eða 8,3% í magni. Heildarsala á mjólkurvörum jókst um 22 þús ltr eða 0,5%. Sölu dagar í maí á þessu ári eru einum færri en í maí í fyrra og hefur það áhrif sérstaklega í ferskvörhluta sölnunnar.

Breytingar í yfirstjórn



Birgir Guðmundsson framkvæmdastjóri hjá Auðhumlu hefur óskað eftir því að láta af störfum hjá félaginu og mun hverfa til annarra starfa á öðrum vettvangi.

Birgir hóf starfsferil sinn hjá Mjólkurbúi Flóamanna á Selfossi árið 1966 og lauk námi í mjólkurfræði frá Dalum Mejeriskole árið 1970 og framhaldsnámi ári síðar.

Starfsferill Birgis spannar rúmlega 41 ár hjá fyrirtækinu. Til að byrja með sinnti hann almennum mjólkuriðnaðarstörfum, mjólkureftirliti og verkstjórn. Hann varð framleiðslustjóri MBF 1982 og aðstoðarframkvæmdastjóri árið 1985.

Árið 1987 var Birgir ráðinn framkvæmdastjóri (mjólkurbússtjóri) MBF og leiddi þar umfangsmikið og öflugt uppbyggingar- og þróunarstarf hjá félaginu þar til að hann lét af störfum árið 2005 í tengslum við samruna MS og MBF. Árið 2005 tók hann við framkvæmdastjórastarfi aðfanga, framleiðslu og flutninga hjá MS/MBF og í byrjun þessa árs gerðist Birgir framkvæmdastjóri fasteigna hjá Auðhumlu svf.

Auk þessa hefur Birgir gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir mjólkuriðnaðinn og setið m.a. í stjórn Osta- og smjöröslunnar sf. og var þar ýmist stjórnarformaður eða varaformaður stjórnar í 18 ár.

Einnig í stjórn Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, stjórn Holls og Góðs ehf, Remfló ehf, Kosta ehf, Merkilands ehf og Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins, svo nokkuð sé nefnt.

Birgi og fjölskyldu hans eru þökkud góð störf í þágu mjólkuriðnaðarins og honum er óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Birgir lætur af störfum hjá félaginu þann 15. júní næstkomandi.

Navision, nýtt tölvukerfi

Þann 23. maí sl undirrituðu MS og Skýrr samning um kaup og innleiðingu á Navision viðskiptahugbúnaði fyrir MS sem þjóna mun öllum sviðum fyrirtækisins.

Þórólfur Árnason og Guðbrandur Sigurðsson forstjóri handsala samninginn.

Aftari röð frá vinstri; Bjarni Sigurðsson, Eiríkur Sæmundsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Pétur Ísfeld frá Skýrr og Ari H. Richardsson og Björn Ingimarsson frá MS.



Söludeild MS osta- og smjörvara flytur

Söludeildir MS ferskvára og MS osta- og smjörvara í Reykjavík sameinuðust 18.-20. maí sl. á Bitruhálsi 1. Alls fluttu yfir götuna níu starfsmenn, þar af einn sumarstarfsmaður. Fjórir starfsmenn sölu- og markaðssviðs urðu eftir á Bitruhálsi 2; innkaupafulltrúi osta- og smjörvara (flytur í haust) og starfsfólk í móttöku og skráningu og nútugerð. Framleiðsludeild bræðdra osta og ostakaka, ostapökkun, lager, mötuneyti og 4 starfsmenn sölu- og markaðssviðs eru enn til húsa á Bitruhálsi 2.

Til áramóta eða þar til tölvukerfin verða sameinuð í eitt verða símanúmer söludeildar MS osta- og smjörvara óbreytt og innisölufulltrúar skipta með sér verkum eins og áður. Útisölufulltrúar eru aftur á móti byrjaðir að starfa eftir nýju og sameinuðu skipulagi og vinna með allar vörur okkar í sínum keðjum og verslunum.





Breytingar á sviði gæðamála MS og mjólkureftirlits

Nýr gæða- og umhverfisstjóri

Jón K. Baldursson hefur tekið við stöðu gæða- og umhverfisstjóra hjá Mjólkursamsölnunni ehf. Jafnframt færast þessi málaflokkur undir framleiðsluvið frá viðskipta- og þróunarsviði, en Pálmi Vilhjálmsson er framkvæmdastjóri framleiðsluviðs MS. Jón hefur verið forstöðumaður framleiðslu- og eftirlits frá áramótum og hefur m.a. haft umsjón með stjórnun og rekstri Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins og mjólkureftirlitsins sem hann mun gera áfram. Með þessari breytingu munu öll gæða- og eftirlitsmálefni heyra undir gæða- og umhverfisstjóra MS.

Fagleg stjórnun gæðamála

Gæða- og umhverfisstjóri MS mun fyrst og fremst hafa faglega stjórnun og stefnumótun gæða- og umhverfismála fyrirtækisins á sinni ábyrgð. Þar falla undir sameiginlegir þættir gæða- og umhverfismála svo og samskipti við opinbera eftirlits- og fagaðila um ýmis sameiginleg málefni fyrirtækisins í heild sinni, sem snúa að þessum starfsþætti. Starfsmenn mjólkureftirlits heyra beint undir stjórn gæða- og umhverfisstjóra MS.

Dagleg stjórnun gæðamála

Dagleg stjórnun á framkvæmd gæðaeftirlits, s.s. innra eftirliti með framleiðsluvörum afurðastöðva MS, er í umsjón rannsóknarstofa og gæðastjóra á hverjum stað. Mjólkurbússtjórnar, á hverjum stað fyrir sig, bera stjórnunarlega ábyrgð á því starfsfólki sem vinnur við viðkomandi störf.

Sameining rannsóknarstofa MS á Bitruhálsi 1 og 2 í Reykjavík

Jafnframt hefur verið ákveðið að sameina starfsemi rannsóknarstofa MS að Bitruhálsi 1 (mjólkurstöð) og 2 (Osta- og smjörسالan). Að loknum sumarfríum er stefnt að því að flytja meginhluta af starfsemi rannsóknarstofunnar sem nú er á Bitruhálsi 2, yfir í sameinaða rannsóknarstofu að Bitruhálsi 1, fyrir starfsemi fyrirtækisins í Reykjavík. Geir Jónsson verður í forstöðu fyrir sameinaðri rannsóknarstofu fyrirtækisins að Bitruhálsi. Hafsteinn Már Matthíasson verður gæðastjóri mjólkurstöðvar á Bitruhálsi 1, ásamt því að sinna öðrum störfum á rannsóknarstofu.

Mjólkureftirlit fært undir SAM/RM

Eins og áður hefur verið kynnt í Sveitapóstinum, færðist mjólkureftirlitið undir Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) þann 1. maí sl. og verður rekið í tengslum við Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins. Við mjólkureftirlitið starfa þrjú mjólkureftirlitsmenn. Friðjón Ingi Jóhannsson sinnir svæðum MS Reykjavík, MS Búðardal, MS Blönduósi og að auki svæðum MS Ísafirði og Mjólkursamlags KS. Kristján Gunnarsson sinnir svæði MS Akureyri og að auki MS Egilsstöðum. Eiríkur Ingvarsson sinnir svæði MS Selfossi. Eins og áður segir verður stjórnun mjólkureftirlitsins í höndum Jóns K. Baldurssonar gæða- og umhverfisstjóra MS.

Samkeppnisefirlitið sótti gögn í húsakynni Mjólkursamsölnunar og skyldra félaga

Þriðjudaginn þann 5. maí sl. kl. 08:30 birtust aðilar frá Samkeppnisefirlitinu í höfuðstöðvum Mjólkursamsölnunar. Þeir höfðu meðferðis úrskurð frá Héraðsdómi Reykjavíkur um heimild til húsleitar. Í úrskurði kemur fram að Samkeppnisefirlitinu er heimil leit í húsakynnum Mjólkursamsölnunar ehf., Bitruhálsi 1. Á starfsmannafundi hjá MS í Reykjavík fór Þórunn Guðmundsdóttir hrl. lögfræðingur fyrirtækisins yfir forsendur úrskurðarins. Þau gögn sem lögð voru fram eru tvö erindi frá Mjólkru og auglýsingar í dagblöðum um afslætti. Einnig grunur um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Vörutegundir sem um ræðir eru; fetaostur, sýrður rjómi og jógúrt en meginþunginn þó á fetaostinum. Þórunn upplýsti að MS hefði í hvívetna vandað vinnubrögð sín undanfarin misseri með tilliti til markaðsráðandi stöðu. Umrædd auglýsing sem birtist í Fréttablaðinu frá Nettó um 40% afslátt á MS Lgg+ jógúrti var að frumkvæði og ákvörðun Nettó og ekki byggt á afslætti sem MS veitti. Fram kom að þar sem Mjólkursamsalan hefur ávallt viljað vinna með Samkeppnisefirlitinu þá hefði verið hægt að nálgast framangreindar upplýsingar án húsleitar.

Ágætar viðtökur á tæki til mælinga á lyfjaleifum

Nálægt 150 pantanir hafa borist vegna tækja til mælinga á lyfjaleifum. Hins vegar eru birgðir hjá framleiðanda erlendis í lágmarki og hefur þeim ekki tekist að senda nein tæki til Íslands enn. Nýjasta tímasetningin er í lok júní.

Þegar tækin koma til landsins verður reynt að flýta dreifingu þeirra eins og kostur er til þeirra sem hafa pantað. Mjólkureftirlitsmenn munu dreifa tækjunum og kenna notkun þeirra á ferðum sínum til mjólkurframleiðenda en einnig verður hægt að fara til viðkomandi mjólkurstöðvar og fá tæki afhent hjá starfsfólki rannsóknarstofu og fengið til-sögn um notkun þess.

Létt Macchiato – Nýjung

Létt Macchiato er komið á markað. Létt Macchiato hefur milt kaffibragð og inniheldur flaskan álika mikið koffein og einn kaffibolli. Drykkurinn er tilbúinn til neyslu og er bestur ískaldur. Létt Macchiato inniheldur öll næringarefni mjólkur en hefur aðeins 0,5% fituinnihald. Drykkurinn er góð viðbót við vaxandi flokk léttar mjólkurdrykkja (Létt Kakó og Létt Cappuccino) og valkostur fyrir breiðan hóp neytenda. Hann uppfyllir þörfina fyrir hæfilega stóran skammt af léttum og bragðbættum mjólkurdrykk sem er góður með margs konar mat eða einn sér.



Ný fjölnota bifreið hjá MS Ísafirði

MS Ísafirði hefur tekið í notkun nýja bifreið, sem er sérútbúin sem mjólkursöfnunar- og flutningabíll. Bifreiðin mun flytja vinnslumjólk til MS Búðardal frá MS Ísafirði, auk þess sem bifreiðin verður notuð við mjólkursöfnun í Ísafjarðardjúpi. Bílnum er ekið tvisvar í viku til Búðardals. Mjólkurtankurinn tekur 8.500 lítra. Bifreiðin var tekin í notkun samhliða breytingum sem urðu 1.júní sl., þá mun MS Ísafirði sjá um sölu og dreifingu á öllum unnum mjólkurvörum frá MS og þar með töldum ostum og viðbiti.

MS Búðardal flytur unnar mjólkurvörur frá Reykjavík til Búðardals þar sem nýi bíllinn tekur við vörunum til áframhaldandi dreifingar um norðanverða Vestfirði.



Nýr útkeyrslubíll hjá MS Ísafirði

Bifreiðin verður notuð við dreifingu á mjólk og mjólkurvörum á Ísafirði, til Bolungarvíkur, Súðavíkur, Flateyrar og Þingeyrar.



Halldór Guðlaugsson framleiðslustjóri, til hægri, tekur við bifreiðinni.

Samningur við EIMSKIP um vöruflutninga til landsins!

Nýlega var undirritaður samningur milli Mjólkursamsölnunar ehf og EIMSKIPA, um gámaflutning og flutning á vörum á brettum eða eftir rúmmáli, til og frá Íslandi. Aldrei áður hefur mjólkuriðnaðurinn gert jafnstóran samning við flutningsfyrirtæki! Í samningnum er gert ráð fyrir að fluttar verði til landsins um 450 gámaeiningar (ígildi 20 feta gáma) eða um 4.500 tonn. Losunarstaðir verða einkum Reykjavík, Selfoss og Akureyri.

Þegar samið er fyrir hönd stórs félags nást mun hagstæðari kjör en ella. Þetta sýnir sig svart á hvítu í þessum nýja samningi, þegar samið er fyrir hönd nær alls íslensks mjólkuriðnaðar. Kjörin sem félagið fær nú eru mun hagstæðari en þau, sem einstökum starfsstöðvum stóðu til boða áður og næst því fram verulegur sparnaður á flutningi umbúða og íblöndunarefna, véla og varahluta til landsins.

Á myndinni eru frá vinstri til hægri. Sigurður Mikaelsson, MS, Björg Jónsdóttir, Eimskip, Óskar Már Ásmundsson, Eimskip, Magnús Ólafsson, MS.



Yfirlit mælinga hjá MS í maí 2007

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	Frumut.	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ							MFM	MFM	MFM	
1/05/07-4/05/07	3.95	3.32	2.60	0.60	6.40	-0.549	15	259	235	2,865

Líftala í þúsundum hjá MS í maí 2007

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
90.75	96.44	99.62	0.21	0.10	0.07

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2006-2007

Landið september-maí:	2006-2007	2005-2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	90.870.426	83.048.747	7.821.679	9.42%
Greiðslumark	116.000.000	111.000.000	5.000.000	4.50%
Nýting greiðslumarks	78.34%	74.82%		

Landið janúar-maí:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	54.040.542	50.149.701	3.890.841	7.76%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikunar:

Landið síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
18	2.624.432	2.465.684	158.748	6.44%
19	2.641.829	2.493.985	147.844	5.93%
20	2.652.273	2.490.583	161.690	6.49%
21	2.644.795	2.481.648	163.147	6.57%
22	2.645.124	2.469.082	176.042	7.13%
Samtals:	13.208.453	12.400.982	807.471	6.51%